



**HAFNARFJÖRÐUR**

**Minnisblað - 21. 09.2020**

## **Lántaka samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum - Lánasjóður sveitarfélaga**

**Málsnr. 2001274**

Lagt er til að sækja um lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga vegna lántöku samkvæmt fjárhagsáætlun með viðaukum 2020. Þegar hefur verið gengið frá lántöku að fjárhæð 1.130 milljónum króna vegna endurfjármögnunar á erlendu kúluláni á eindaga á árinu en það lán stendur nú í um 1.450 m.kr. og er lagt til að 320 m.kr. viðbótarlán verði tekið hjá LS til að ljúka þeirri endurfjármögnun.

Samkvæmt viðauka þann 27.08.2020 er viðbótarfjármagnspörf vegna Covid19 um 1.559 milljónir króna sem rekja má til tekjufalls og flýtiframkvæmda samkvæmt aðgerðaráætlun. Lántakan verður eyrnamerkt Skarðshlíðarskóla en hluti grunnskólans er um 4 milljarðar og áður hafa verið tekin lán fyrir um 2,2 milljarða króna.

Lánasjóður sveitarfélaga hefur lokið fjármögnun með útboði hluta ofangreindrar lántöku að fjárhæð 932.000.000.- með lokagjalddaga 5.11.2055 á 1,23% ávöxtunarkröfu (vextir bréfs 2,5% og skuldin sjálf því 778 m.kr.) Lánið er jafnframt uppgreiðanlegt 2035 og 2045.

**Bæjarráð leggur til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi bókun:**

**Ákvörðun um að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga sem tryggt er með veði í tekjum sveitarfélagsins:**

Bæjarstjórnar Hafnarfjarðarkaupstaðar samþykkir hér með að taka lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga að fjárhæð 932.000.000.- kr. til 35 ára, með lokagjalddaga 2055 í samræmi við samþykta skilmála lánveitingarinnar sem liggur fyrir fundinum.

Af lánsfjárhæð er um 320 m.kr. til að ljúka fjármögn á erlendu kúluláni sem er á eindaga á árinu og 612 m.kr. vegna fjármögnunar Skarðshlíðarskóla. Verkefnin hafa almenna efnahagslega þýðingu, sbr. 3. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um Lánasjóð sveitarfélaga nr. 150/2006.

Til tryggingar lánunum standa tekjur sveitarfélagsins, sbr. heimild í 2. mgr. 68. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Jafnframt leggur bæjarráð til við bæjarstjórn að samþykkja heimild til skammtímafjármögnunar allt að 947 milljónir króna þar til gengið verður frá endanlegri fjármögnun. Skammtímalánið ber 1,2% vexti óverðtryggt, mv. stöðuna í dag og verður greitt upp þegar endanleg fjármögnun á langtímaláni vegna fjármögnunar á byggingu á Skarðshlíðarskóla.

Jafnframt er Rósu Guðbjartsdóttur, kennitala 291165-3899 veitt fullt og ótakmarkað umboð til þess f.h. Hafnarfjarðarkaupstaðar að undirrita lánsamninga við Lánasjóð sveitarfélaga sbr. framangreint, sem og til þess að móttaka, undirrita og gefa út, og afhenda hvers kyns skjöl, fyrirmæli og tilkynningar, sem tengjast lántöku þessari, þ.m.t. beiðni um útborgun láns.